

um frumv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls.

Meiri hlutinn virðist vera sammála um að leggja til:

1. Að til viðbótar eignum Fiskiveiðasjóðs sje honum lagt til árlega í 10 ár 60 þús. krónur úr ríkissjóði, og svo árlega úr því um óákveðinn tíma 30 þús. krónnr. Þessum fjárhæðum skal varið til skipakaupa og iðjufyrirtækja í samhandi við fiskiveiðar.
2. Ennfremur leggi ríkissjóður fram í eitt skifti fyrir öll 500 þús. krónur, er varið sje til rekstrarlána, til útgerðar og rekstrar fiskibáta og til fiskimanna, er verka hlut sinn og selja.
3. Að skipakaupadeild megi lána alt að 25 þús. króna út á eitt skip, þó ekki stærra en 50 smálestá, og til iðjufyrirtækis alt að 35 þús. króna.
4. Að veðrjettur sjóðsins gangi fyrir öllum öðrum tryggingum, og þá hverskonar sjóveðrjetti.

Ef litið er til þess, hvað gert er ráð fyrir að landbúnaðurinn fái til umráða af fjármagni með stofninn landbúnaðarbankans, þá er hjer býsna ólíku saman að jafna, þar sem sjávarútvegurinn, svo stór sem hann nú er orðinn, altaf verður fjárfrekari til sinnar starfrækslu en landbúnaðurinn. Skipastóll landsmanna til fiskiveiða hefir ankist með ári hverju, sumpart að skipafjölda og að nokkru að skipastærð. Meiri áhersla er lögð á góð og hagkvæm skip. Gerð skipa og vjela er sífeldum breytingum háð. Endurnýjun á sjer sífelt stað. Vjela-notknn eykst hröðum fetum, og þá sjerstaklega í smábátaútveginum.

Áhugi manna fyrir hagnýtingu fiskiúrganga, lýsis, hrogna og fleiri auka-

afurða hefir aukist mjög á seinni árum, og að ekki hefir orðið meira af framkvæmd-  
nm en raun er á orðin, stafar ef til vill fyrst og fremst af því, hve örðugt hefir  
reynst að fá fjármagn til slikra framkvæmda. Einnig má benda á, að svo virð-  
ist, sem arðvænlegt geti orðið að reisa sem víðast í verstöðvum smærri eða stærri  
frysti- eða kælihús, sem gætu geymt beitu og nm leið fryst eða kælt fisk, sem svo  
yrði útflutningsvara, en margt bendir til þess, að sú stefna um meðferð fiskjar  
til útflutnings ryðji sjer mjög til rúms. Þá má minnast á niðursuðu á fiski og  
síld, sem ennþá hefir verið lítið reynd. En alt þetta verður að teljast hlutverk  
Fiskiveiðasjóðs að styðja eftir megni.

Með þetta fyrir augum virðist meiri hluti nefndarinnar hafa horft helst  
til skamt í tillögum sínum, því að upphæð sú, er hann leggur til, að varið sje til  
skipakaupa og iðjufyrirtækja, er svo lítil, að hún bætir alls ekki úr aðkallandi  
þörf. Of takmarkað er það að binda lán til skipakaupa við 50 smálesta skip.  
Miðað við það fjármagn, sem sjóðnum er ætlað samkvæmt tillögu meiri hlutans,  
væri rjettara að hafa rúmlestatöluna mikið minni, svo að nokkrum notum yrði.  
En sjálfsagt verður að gera ráð fyrir, að lánsstofnun sem þessi styðji kaup stærri  
skipa, alt að 120 smálesta, en af þeirri stærð eru skip þau, sem alment eru  
nefnd »línubátar«. Lánsstofnunin á að vera það öflug, að hún geti stutt þá út-  
gerð. Reynslan hefir þegar sýnt, að þau skip eru hentug til margskonar veiða,  
geta flutt sig meðfram ströndum landsins, þar sem afla er von á hverjum tima,  
og að veiðiskap er hægt að stunda á þeim mestan hluta árs. Rekstrarkostnaður  
skipa þessara mun ekki tilfinnanlega mikið meiri en mótorskipa minni stærðar,  
en aflavonin þeim mun meiri á gufubátana en mótorskipin, sem þau eru stærri  
og afburðameiri.

Fiskimenn sækjast meira eftir að vera á þeim skipum, þar sem sæmileg  
aðstada er til þess að vinna og rýmri, vistlegri mannaibúð, en þá kosti hafa  
gufubátarnir fram yfir mótorskipin alment.

Með frumvarpi til laga um »Veðlánasjóð fiskimanna« er gert ráð fyrir 2  
miljóna króna höfuðstól, og mundi sist af veita, ef fullnægja ætti rekstrarlána-  
þörf fiskimanna um land alt. Sje gert ráð fyrir, að fiskiflotinn sje um 500 skip  
og bátar alt að 30 rúmlestum og um 100 skip frá þeirri stærð upp að 100 rúm-  
lestum, þá mundu koma á hverja fleytu rúmar 3300 kr. En sennilega eru bát-  
arnir mikið fleiri en hjer er gert ráð fyrir. Í tillögum meiri hlutans er gert ráð  
fyrir 500 þús. kr. í þessu skyni. En það yrðu rúmlega 800 krónur á hverja fleytu.  
Mikill minni hluti manna myndi því verða aðnjótandi þessara lána og þar með  
skapast misrjetti milli þeirra, er lánin fengju, og hinna, sem ekkert fengju eða  
yrðu að sæta dýrari lánnum, þar sem gert er ráð fyrir, að vextir sjeu að mun  
lægri en nú eru í bönkum. Aðsókn yrði því mikil að rekstrarlánadeildinni, og  
færri fengju lán en vildu, þótt jafnrjett háir væru til þess og þörfin jafnbrýn.

Meiri hlutinn gerir ráð fyrir, að veðrjettur sjóðsins í skipum gangi fyrir  
öllum öðrum veðrjettum og þar á meðal hverskonar sjóveðrjetti. Opinber gjöld  
eru ekki undanskilin. Óvíða mun það tíðkast, að skipverjar hafi ekki 1. kröfu-  
rjett í skipi fyrir kaupni sínu eða aflahlut. Reynslan hefir sýnt það á undanfar-  
audi árum, að fjöldi manna mundi hafa gengið slyppur frá borði, ef þeir hefðu  
ekki átt þennan rjett, óg hann er eins nauðsynlegur nú sem fyr.

Það væri bjarnargreiði við aðra aðalframleiðslustjett landsins, að svifta hana þeim rjetti, sem hún á nú að lögum og hefir átt um langt skeið, sem tryggir henni greiðslu á umsömdu kaupi, sem unnið er fyrir.

Enga nauðsyn mun bera til að fara þessa leið, ef málið er athugað með velvilja og góðri ihugun. Hjer hafa nú verið færð allmikil rök fyrir því, að tillögur meiri hlutans ná ekki tilgangi sínum. Með þeim er verið að teifa fyrir, ef samþykktar yrðu, að fullnægjandi lánsstofnun sjávarútveginum til handa verði sett á stofn. Þörfum sjávarútvegsmanna er á engan hátt fullnægt með þeim.

Stærri skref á að stíga í þessu máli. Meira fjármagn þarf að leggja fram til slíkrar lánsstofnunar, svo að notum komi.

Fyrirkomulag lánsstofnunar handa sjávarútvegi landsmanna um land alt þarf að hugsa vel, því nauðsyn ber til, að allir, sem við útveg fást, hvar sem þeir eru á landinu, eigi sem greiðastan aðgang að þeim. Ekki er nauðsynlegt að ætla togaraútgerðinni aðgang að slíkri lánsstofnun, enda mun hún hafa greiðan aðgang að bönkunum, er nú eru til í landinu, og hefir þegar trygt sjer lánstraust þar. Meiri áherslu verður því að leggja á smábátaútveginn og þau stærri skip, sem ekki veiða með botnvörpu.

Lánsstofnun sú, er hjer er hugsuð, mundi verða fiskiveiðabanki Íslands, hliðstæð við hinn fyrirhugaða landbúnaðarbanka. Fiskiveiðabankinn á að inna af hendi samskonar hlutverk til þróunar og framkvæmda sjávarútveginum, að svo miklu leyti, sem aðrar bankastofnanir, er nú eru starfandi, sjá sjer ekki fært, eins og landbúnaðarbankinn á að inna af hendi til eflingar landbúnaðinum.

Þar sem nú er orðið áliðið þings og vonlítið má telja, að tillögur þær, er fram hafa komið í þessu máli, nái fram að ganga, jafnhliða því, sem viðtæk löggjöf um lánsstofnunn fyrir landbúnaðinn er að fara gegnum þingið, en brún þörf á, að málið sje rækilega undirbúið milli þinga, þá fæst ekki önnur úrlausn betri eins og málinu nú er komið en að því sje vísað til stjórnarinnar til undirbúnings fyrir næsta þing.

Legg jeg því til, að hv. deild afgreiði málið með þannig lagaðri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess að ríkisstjórnin undirbúi löggjöf um lánsstofnun fyrir sjávarútveginn, er geti orðið honum lyftistöng á sama hátt og landbúnaðarbankanum er ætlað að verða fyrir landbúnaðinn, og leggi frumvarp um þetta efni fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál.

Alþingi, 5. apríl 1929.

Sigurjón Á. Ólafsson.